

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um ME-sjúkdóminn.

Frá Gísla Rafni Ólafssyni.

1. Hvaða leiðir hafa ráðuneytið og/eða landlæknisembættið nýtt til þess að auka fræðslu meðal heilbrigðisstarfsmanna um ME-sjúkdóminn (myalgic encephalomyelitis)?
2. Hvaða áætlanir hafa ráðuneytið og/eða landlæknisembættið um að auka fræðslu meðal heilbrigðisstarfsmanna um ME-sjúkdóminn?
3. Hversu margir hafa verið greindir með ME-sjúkdóminn á Íslandi undanfarin 20 ár? Svar óskast eftir a) árum, b) aldursbili, c) kyni.
4. Hvort eiga aðilar sem grunar að þeir séu með ME-sjúkdóminn að leita eftir greiningu hjá heimilislækni eða sérfræðingi? Eru læknað með sérhæfingu í ME-sjúkdómnum starfandi innan íslenska heilbrigðiskerfisins?
5. Hverjum ber skylda til að fræða og upplýsa þá aðila sem eru greindir með ME-sjúkdóm-inn um hvers konar meðferð, lyf eða annað þurfi til að fyrirbyggja versnandi heilsu? Eru það læknað, félagasamtök eða sjúklingurinn sjálfur?

Skriflegt svar óskast.